

Stjórnarfundur

Fundargerð mánudaginn 2. maí 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Björn Ármannsson og Sigurður Þórarinnsson

Á fjarfund: Guðjón Guðjónsson, Friðrik Höskuldsson

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Dagskrá

1. Starfsmannamál á skrifstofunni og bókhald
2. Sumarstarfsmaður
3. Ársreikningur 2023
4. Stjórnarkjör 2024 - 2028
5. Viðauki við kjarasamning fiskimanna
6. Staða annarra kjarasamninga
7. Heiðrun félagsmanna á sjómannadaginn
8. Aðalfundur félagsins 31. maí nk.
9. Önnur mál

Mál 1. Starfsmannamál á skrifstofunni og bókhald

Formaður sagði frá breytingum á starfsmannamálum á skrifstofunni. Sigrún hefur látið af störfum og við hana var gerður starfslokasamningur. Kristinn Viktorsson endurskoðandi félagsins hefur tekið að sér launaútreikningu og fl. Við hann hefur verið gerður samningur. Til stendur að ráða inn starfskraft í haust til að sjá um símsvörun og útleigu á orlofsíbúðum félagsins. Um yrði að ræða hálf starf eða þ.u.b. og stefna er að því að launakostnaður starfsmanna verði ekki hærri en verið hefur þegar skrifstofna var fullmönnuð.

Mál 2. Sumarstarfsmaður

Vegna sumarleyfa starfsmanna þarf að ráða inn sumarstarfsmann til afleysinga og hefur verið auglýst eftir honum. Margir hafa sýnt starfinu áhug, en Intellecta – ráðningaþjónusta var fengin til að auglýsa starfið. Sóst er eftir nemandi í verkfræði eða tölvunfræði og mun viðkomandi vera okkur til stuðnings m.a. í verðlagsmálum og fl. en einnig að koma inn með nýja sýn og þekkingu sem nýst getur félaginu. Formaður sýndi stjórninni gögn þar að lútandi og samþykkti hún þessa tilhögun einróma.

Mál 3. Ársreikningar 2023

Formaður fór yfir drög að ársreikningum

Mál 4. Stjórnarkjör 2024 – 2028

Formaður fór yfir komandi stjórnarkjör og benti á þær breytingar sem urðu á lögum félagsins 2021, en kosið er í fyrsta skipti samkv. þessum nýju lögum. Formaður sýndi kjörseðil á rafrænu formi og útskýrði fyrir fundarmönnum. Kosningin byrjar 8 þ.m. og samkvæmt lögunum þarf hún að standa að lágmarki í 3 vikur og líkur 30 maí kl. 15:00. Aðalfundur félagsins verður haldinn að vanda á Grand hóteli föstudaginn 31. Maí og verður fundinum streymt eins og verið hefur undanfarin ár.

Mál 5. Viðauki við kjarasamning fiskimanna

Við fáum það sem hinir sömdu um m.a. 400.000 sem ekki var í okkar samningi. Tímakaupið breyttist, er kauptrygging einnig. Sjá grein 1.28 sjá atriði varðani skiptaprósentu.

Mál 6. Staða annarra kjarasamninga

PÆ fór yfir stöðu annarra kjarasamninga, en ekki hefur verið skrifað ennþá undir neinn kjarasamning vegna stöðu mála almennt. Horki ríki né sveitafélög hafa undirritað kjarasamninga eins og staðan er núna. Hins vegar munum við skrifa undir kjarasamning á morgun fyrir ferðaþjónusta en það er sameiginlegur kjarasamningur með VM.

Vonandi getum líka skrifað bráðleg undir kjarssamning fyrir farmenn, við höfum átt fundi með skipafélögunum ásamt fulltrúa SA. Skipafélögin eru að fara yfir áhersluatriði okkar með SA og bíðum við eftir viðbrögðum þeirra við áhersluatriðum okkar og tilboði frá þeim.

Við vonum að aukinn þungi færist í kjaraviðræður við ríki og sveitarfélög svo við getum hafið viðræður og undirritað kjarsamninga fyrir sumarleyfi. Þó eru blikur á lofti og ekki horfir mjög friðsamlega í yfirstandandi kjaraviðræðum stóru félöganna.

PÆ sagði frá fundum með sfs vegna eldismanna og samningstilboði sem við fengum loksins frá fulltrúa sfs. Það tilboð var kynnt fyrir eldismönnum fyrir vestan en okkur er mikið í mun að undirrita kjarasamning sem fyrst eftir mikla undirbúningsvinnu á undanförunum árum og fjölmarga fundi úti á landi, á skrifstofum fs og sfs auk ótal margra fjarfunda með félagsmönnum okkar. Við eigum eftir að hitta sfs aftur bráðlega, til að hnýta lausa enda, og vonumst við til þess að ekkert óvænt komi uppá sem kemur í veg fyrir undirritun kjarasamnings eldismanna við sfs.

Við áttum einn fund síðasta haust með samninganefnd ríkisins vegna miðlægs kjarasamnings Hafrannsóknarstofnunar og Landhelgisgæslunnar og bíðum eftir því að vera kallaðir aftur að borðinu. Einnig höfum við átt ágætan, en stuttan fund með fulltrúa Hafró og stefnum við á að hitta hann fyrir lok mánaðarins þar sem við munum kynna honum áhersluatriði okkar vegna stofnanasamnings. Við höfum ekki fengið fund ennþá vegna stofnanasamnings Landhelgisgæslunnar en á fundinum með samninganefnd ríkisins lögðum við áherslu á að fulltrúar Hafró og LHG kæmu líka á samningafundi samninganefndar ríkisins með okkur til að kjaraviðræður við ríkið og þessar tvær ríkisstofnanir gætu farið fram samhliða til að auka skilvirkni og samtal. Því miður tók samninganefnd ríkisins ekki vel í þá tillögu.

Sömu sögu er að segja vegna hafnsögumanna og skipstjóra hafnsögubáta, við höfum átt einn fund með fulltrúum samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga en engan með Faxaflóahöfnum. Við bíðum átektu og tilbúnir á hliðarlínunni með áhersluatriði okkar tilbúin.

Mál 7. Heiðrun félagsmanna á sjómannadaginn

Formaður fór yfir heiðrun skipstjórnarmanna á næsta sjómannadag. Þeir verða Guðmundur Haraldsson fv. skipstjóri hjá Eimskip og Jóhannes Ellert Eiríksson fv. togaraskipstjóri hjá Brim. Fs hefur alltaf tilnefnt tvo menn sem heiðaraðir verða á sjómannadaginn n.k. Stjórnarmenn voru samþykkir þessum tilnefningum.

Mál 9. Önnur mál.

Íbúðir og bústaðir. Elnu sinni á ári verður framkvæmt alþrif.

Rafmangsheliðsla er komið í Ásholt.

Á Laugarvatni er að koma rafmangshleðsla

Þar sem þetta er síðasti fundur þessarar stjórnar að við munum allir koma saman á fundi á grandhoteli í haust sept/okt. og gista eina nótt og hygga sig.

Koma á fundi á tveggja ára fresti og haft haustfundur skipstjórnarmanna með hinum stéttarfélagunum.


Við viljum kveðja þessa stjórn sem er búin að vera meira og minna síðan félagið var stofnað.

Fleira ekki rætt,

Fundi slitið kl. 13:25



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari